



Rangárþing ytra - Fyrir okkur öll!

Eftir kosningu meðal íbúa Rangárþings ytra liggur það fyrir að slagorð sveitarfélagsins verður Rangárþing ytra – Fyrir okkur öll!

Með tillögunni fylgdi lýsing á slagorðinu sem á svo sannarlega vel við.

„Með slagorðinu „Fyrir okkur öll“ finnst mér sveitarfélagið gefa það skýrt til kynna að í Rangárþingi Ytra sé samfélag sem hugsi vel um íbúa en býður á sama tíma gesti og þá sem vilja setjast að í sveitarfélaginu velkomna. Slagorðið undirstrikar að sveitarfélaginu sé bæði annað um fyrirtæki og fjölskyldur og allar þær fjölmörgu atvinnugreinar sem einkenna fjölbreytt atvinnulíf sveitarfélagsins. Einnig býr slagorðið til samheldnistilfinningu hjá íbúum og þá tilfinningu að íbúar séu hluti af heild og að við séum samfélag sem skilji engan út undan. Vilji sé þá hjá sveitarfélaginu til að vera til staðar fyrir okkur

öll,“ segir Árni Freyr Magnússon, höfundur slagorðsins.

Viðurkenningar eru veittar fyrir slagorðin sem lentu í 1.-3. sæti ásamt því að einn heppinn þátttakandi fékk útdráttarverðlaun.

Alls tóku 116 þátt í kosningunni.

Eftirfarandi slagorð lentu í efstu þremur sætum:

1. Rangárþing ytra
- *Fyrir okkur öll*
2. Rangárþing ytra
- *Fólkið, fjöllin, feðurin*
3. Rangárþing ytra
- *Brosandi byggð*



Árni Freyr Magnússon sem átti hugmyndina að slagorðinu sem var kosið sem slagorð Rangárþings ytra fær hér afhenta gjafakörfu frá Sólrúnu Helgu Guðmundsdóttur formanni atvinnu-, jafnréttis- og menningarmálanefndar. Mynd: Rangárþing ytra.

Jólaskreytingaleikur Rangárþings eystra

Í ár var í fyrsta sinn haldin Jólaskreytingakeppni Rangárþings eystra og má segja að íbúar hafi sannarlega tekið það til hjartans því að sjaldan hefur eins mikið og fallega verið skreytt í öllu sveitarfélaginu og virkilega úr vöndu að ráða. Óskað var eftir tilnefningum frá íbúum um fallega skreytt hús og bárust fjölmargar. Dómnafnd var einnig fengin til að meta skreytingar og að fengnu álit hennar og með tililiti til tilnefninga var ákveðið að veita tveimur íbúðarhúsum á Hvolsvelli og einu fyrirtæki verðlaun að þessu sinni.

Þau íbúðarhús sem unnu til verðlauna voru Gunnarsgerði 7a og Hvolstún 16.

Í Gunnarsgerði 7a búa Elías, Theodóra Jóna og óskírður Elíasson. Álit dómnafndar: Virkilega stílhreinar og smekklegar skreytingar sem hafa verið settar upp þannig að húsið er eins og fallegur jólapakki. Skreytingarnar tóna vel við svart húsið og pakka-

klæddar útidyr er snjallt smáatriði sem vekur athygli.

Í Hvolstúni 16 búa Stella Sólveig, Ásmundur og Eva Hrönn, 5 ára. Álit dómnafndar: Virkilega fjölbreyttar og skemmtilegar skreytingar sem mynda flotta heild og jólagleðin er algjörlega við völd. Ekki skemmir fyrir að heyra jöralög óma þegar gengið er framhjá húsinu.

Rafverkstæði Ragnars vann verðlaun fyrir best skreytta fyrirtækið en eigendur fyrirtækisins eru þau Árný Hrund og Ragnar. Álit dómnafndar: Falleg og sniðug skreyting við fyrirtæki sem kemur mjög vel út. Pakkar við jólatréð er flott smáatriði en gerir mikið fyrir heildarmyndina. Einnig má nefna að garður þeirra hjóna við Gilsbakka 1 er ríkulega skreyttur og minnir á jóla-ævintýraland.

Ljóst er að þessi jólaskreytingakeppni er komin til að vera og biðum við spennit eftir skreytingunum á næstu ári.



Gunnarsgerði 7a.



Hvolstún 16.

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Ert þú búin/n að hreyfa þig í dag?

Hér er hugmynd af fjölskylduæfingu sem allir geta tekið saman heima. Mælum með að fara 1-5 umferðir.

15x Hnébeygjuhopp	30x Sprellikallar
10x Framstig	10x Bakfettur
20x Kviðæfingar	30x Háar hnélýftur
30sek Planki	15x Froskahopp

Svo er upplagt að skella sér í göngutúr eða í sund saman




HARPA

ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun
okt.-nóv. 2018.

Brautskráning frá FSu tókst með ágætum



Brautskráning frá FSu tókst að vanda með ágætum á haustönn 2021, þann 18. desember síðastliðinn. Þrátt fyrir að hún væri að hluta rafræn leggja allir sín lóð á vogarskálarnar. Í því sambandi mæðir mikið á stjórnendum skólans. Þar liggur álagið. Allt þarf að vera klárt á réttum tíma. Athöfnin hófst á því að þrír nemendur FSu, Flúðaskóla og Tónlistarskóla Árnessýslu léku á strengjahljóðfæri og fluttu þrileik á fiðlur þar sem strengirnir voru ýmist stroknir eða plockaðir. Tónverk í frjálsu formi eftir Jósef Helmesberger þar sem Einar Bjartur Egilsson tónlistarkennari stýrði flutningnum og sá um undirleik á píanó. Flytjendur voru Elísabet Anna Dutsjak, Eyrúnu Hrunð Ingvarsdóttur og Hildur Tanja Karlsdóttir. Virkilega skemmtilegt INTRO.

Að því loknu tók skólameistari Olga Lísu Garðarsdóttir við og stýrði athöfninni. Auk praktískra tilkynninga sem fylgja faraldri kórónuveiru kom hún á framfæri sérstökum þökkum til nemenda sem alltaf hafa fylgt

sóttvarnareglum en lagði um leið áherslu á mikilvægi bóklesturs í allri menntun. Hún talaði reyndar um „dásamleika bóklesturs“ og tekur fréttaritari undir hvert orð hennar í þeim efnum. Að því búnu flutti Sigursveinn Sigurðsson aðstoðarskólameistari annál skólastarfsins sem hefð er fyrir og kennir þar ýmissa grasa þar á meðal tilvitnun í skólaskáld FSu sem er í senn nafnalaust og ómissandi.

Þá afhenti Olga Lísu útskriftarnemendum skírteini sín í stafrófsröð. Að því búnu afhenti heiðursmaður Björgvin Eyjólfur áfangastjóri skólans sérstakar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Jóhanna Yr Jóhannsdóttir formaður skólanefndar ávarpaði svo samkomuna EN alltaf í mynd og fyrir framan ræðumenn var heimasíðaða púltið með fallegu merki skólans sem Ólafur Th. Ólafsson myndlistarkennari til margra ára hannaði á sínum tíma af sinni einstöku hugfimi.

Skólameistari Olga Lísu Garðarsdóttir hélt svo hvatningar- og lokaræðu til nýút-

skrifaðra nemenda en í heildina brautskráðust sextíu nemendur frá skólanum að þessu sinni. Lokaræðuna flutti svo nýstúdentinn Heiðar Óli Guðmundsson af sinni rangæsku snilld og dýpt. Kom hann víða við í erindi sínu og er það alltaf gleði og gæfa okkar eldri að hlýða á orðræðu nýstúdents því í þeim felst speki nýs tíma.

DÚX scholae með hæstu meðaleinkunn varð Ágúst Máni Þorsteinsson auk þess fékk hann sérstök verðlaun fyrir árangur í ensku en aðrir sem hlutu viðurkenningu voru Daníel Swiecicki fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og enskri tungu, Jónas Grétarsson fékk verðlaun fyrir frábæran árangur í þýsku, Elísabet Anna Dudziak fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í þýsku og félagsgreinum, Alína María Rújuc öðlaðist viðurkenningu fyrir fyrirmyndar árangur í spænsku, Diljá Ósk Snjólfisdóttir fékk viðurkenningu fyrir nám sitt í íþróttum og íþróttafræðum auk þess sem Hlynur Héðinsson var viðurkenndur fyrir framlega sitt til félagsstarfs í skólanum.

Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands veittu að auki þremur nemendum fjárstyrk fyrir frábæran námsárangur með þeirri hvatningu að þeir héldu áfram námi. Voru það Ágúst Máni Þorsteinsson, Daníel Swiecicki og Diljá Ósk Snjólfisdóttir. Veitti skólameistari styrkin fyrir hönd Hollvarðanna sem eru samtök hollvina sem vilja auka menntaveg skólans og nemenda hans sem mest.

Öllum öðrum nemendum er þökkuð samfylgdin í skólanum okkar gula og glæsilega. Við erum öll ljós í tilverunni og þannig myndum við mennta- og skólasamfélag um aldur og ævi.

-jöz.

Áramótabrennum hefur verið aflýst í ár

Tekin hefur verið sú ákvörðun að fella niður allar áramótabrennur í Sveitarfélaginu Árborg.

Sökum aðstæðna í samfélaginu og vegna gildandi fjöldatáknmarkana hefur sveitarfélagið ákveðið að engar áramótabrennur verða skipulagðar í ár. Það verða því engar áramótabrennur á Selfossi, Stokkseyri eða Eyrarbakka á gamlársmorgun.

Þessi ákvörðun er í samræmi við önnur sveitarfélög, þar á meðal á höfuðborgarsvæðinu, enda er mikilvægt að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar gangi fram með góðu fordæmi, sýni ábyrgð í verki og hvetji ekki til hópamyndunar.

Við bendum íbúum og gestum á að flugeldasýningarnar eru á sýnum stað og verða eftirfarandi:

- 28. desember kl. 20:00 af bryggjunni á Eyrarbakka
- 31. desember kl. 17:00 af Stórahól á Selfossi
- 02. janúar kl. 20:00 af bryggjunni á Stokkseyri



BYKO

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öð myndabrengl.

**Þú sérð
öll tilboðin
á byko.is**

ÚTSALA

**30-50% afsláttur
af völdum vörum**

Verslaðu í vefverslun BYKO

**Gerðu
frábær
kaup!**



**SENT
HEIM**

Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr

**BYKO
SELFLOSS**
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Verslaðu á netinu á byko.is

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbygggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Árni Hafstað heyrnarfræðingur hjá Heyrnartækni verður á **Selfossi 10. og 18. janúar** við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja.



Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðabjónusta | **Heyrnartækni.is** | 568 6880

Stekkjaskóli

Aðstoðarmatráður í hlutastarf



Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa síðastliðið haust. Nemendur eru um 100 talsins í 1.-4. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, fjölbreytta kennsluhætti og jákvæðan skólabrag. Starfsmenn skólans munu taka þátt í stefnumörkun hans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Stekkjaskóli óskar eftir aðstoðarmatráði í móttökueldhús skólans. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi frá og með 4. janúar 2022 eða eftir samkomulagi. Um er að ræða 50% tímabundna ráðningu til og með 13. júní 2022.

Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla og/eða þekking af starfi í mótuneyti æskileg
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Annast móttöku á aðsendum mat, framreiðslu hans og frágang
- Sér um að skera niður ávexti fyrir nemendur, kaffiveitingar fyrir starfsmenn og frágang
- Sinnir þeim verkefnum er varðar eldhús sem yfirmaður felur

Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1601 eða 863 0922.

Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is/>

ÁFRAM LEIKLIST Í FSu

Nemendur í leiklistaráföngum í FSu hafa virkjað sköpunarkraftinn á fjölbreyttan hátt á liðinni haustönn 2021. Unnin hafa verið svokölluð samsköpunarverkefni þar sem hver hópur vinnur með ákveðna leikstíla og þemu. Einnig hafa nemendur unnið að leikritun og persónusköpun þar sem þeir skapa persónur frá grunni og gera þær lifandi og leikandi.

Stórt verkefni á önninni var samstarfsverkefni leiklistarnema og nemenda í íslensku-áfanga í skapandi skrifum. Nemendur í skapandi skrifum, eða ritlist og tjáningu eins og áfanginn heitir samkvæmt námskránni, skrifuðu stuttverk sem leiklistarnemarnir fengu síðan í hendur til að útfæra, túlka og æfa. Hóparnir tveir hittust tvisvar á meðan verkefnið var í gangi, fyrst til að virkja sköpunarkraftinn og svo hittu höfundar leikhópana til að ræða verkin. Að lokum var haldin uppskeru- og leiklistarhátið þar sem sýnd voru tólf stutt-

verk. Gríðarlega skemmtilegt og þverfaglegt verkefni sem orðið er fastur liður í námi nemenda í þessum áföngum.

Hópur leiklistarnema skellti sér síðan í leikhús til að sjá verk-ið Þétting hryggðar eftir Haldór Laxness Halldórsson sem sýnt var í Borgarleikhúsinu.

Lokaverkefni leiklistarnemenda voru svo flutt í síðustu kennsluviku haustannar. Verkefnið snerist um að búa til listrænan gjörning, flytja hann og gera grein fyrir verkinu í umræðum eftir flutning þar sem nemendur útskýrðu verkferil og hugmyndavinnu. Meðal verkefnanna kenndi margra grasa og má þar nefna sýningu á myndverkum, flutningur á frumsömdum ljóðum, frumsamin lög og textar, stuttmyndir, einleikir og margt fleira.

ÁFRAM LEIKLIST í skapandi námi nemenda við Fjölbautaskóla Suðurlands.

-gg/jöz



Jólatónleikar á Kirkjuhvoli

Mánudaginn 20. desember var mikið um dýrðir á Kirkjuhvoli en þá var ákveðið að setja upp jólatónleika fyrir heimilisfólkið. Þetta var algjörlega allt gert að tilstuðlan starfsfólksins sjálfs og voru stjórnendur tómstunda þar fremstar í flokki, þær Hildur Þóra Þorvaldsdóttir og Hlín Albertsdóttir. Metnaðurinn var mikill, þau Ingibjörg Erlingsdóttir og Jens Sigurðsson voru fengin til að spila undir, útbúin var sérstök tónleikaskrá og starfsfólkið myndaði kór sem stóð sig með mikilli þrýði.

Í hópi starfsfólks má einnig finna virkilega hæfileikaríka einsöngvara sem sungu af hjartans list og mátti víða sjá tár á hvarmi enda flutningurinn einlægur og fallegur. Einsöngvarar voru þau Írena Víglundsóttir, Katrín Diljá Vignisdóttir, Oddný Lilja Birgisdóttir, Sigurður Anton Pétursson og Sigurpáll Jónar Sigurðsson.

Heimilisfólk var að vonum alselt með þessa góðu tónleika og á starfsfólkið miklar þakkir skildar fyrir tónleikahaldið á þessum erfiðu Covid-tímum.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyraveggi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglýsingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Ármann Dalmanntson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Við hýrumst oft undir hænuvæng.
Í hyljum gleypum við önglana.
Elli krýpur við okkar sæng.
Við erum í nánd við þönglana.



Svar við gátu í blaði 2629: **SPJALD**

1. Pappaspjald - 2. Trekkspjald - 3. Minningarspjald - 4. Peytispijald

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamanna-
hreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar
tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsingar eftirfarandi skipu-
lagsáætlana:

1. Stekkjartún, Stóru-Mástungu 2 L166604; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2110081

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. desember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýs deiliskipulags vegna Stóru-Mástungu II. Breytingin varðar breytingu á landnotkun aðalskipulags á um 3,8 ha lands austan við núverandi bæjarhús að Stóru Mástungu II úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Samhliða aðalskipulagsbreytingu áforma landeigendur gerð deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæðisins sem um ræðir fyrir þrjár lóðir ásamt þremur byggingarreitum fyrir frístundahús.

2. Eyvindartunga L167632; Stækkun Lönguhlíðarnámu E19; Aðalskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2103067

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 9. desember 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til stækkunar á Lönguhlíðarnámu E19 í landi Eyvindartungu. Í breytingunni felst að náman stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m³ í 149.500 m³.

3. Austurey 1 (L167622) og 3 (L167623); Breytt landnotkun; Breytt vegstæði; Aðalskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2107015

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. desember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytinga á landnotkun og breytts vegstæðis í landi Austureyjar 1 og 3. Í breytingunni felst að frístundalóðinni Eyrargötu 9 er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Hús er til staðar á lóðinni og hefur það verið leigt út fyrir gistingu. Einnig verður gerð breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðal-
skipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

4. Skollagróf L166828; Efnistaka; Aðalskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2106085

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember 2021 að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu sem tekur til skilgreiningu efnistökusvæðis í landi Skollagrófar, L166828. Innan tillögu er gert ráð fyrir 2 ha efnistökusvæði með heimild til að vinna allt að 40.000 m³ af efni og haugsetja samsvarandi magn af jarðvegi.

5. Úthlíð 2 L167181; Úr frístundasvæði í verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2103021

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis í landi Úthlíðar. Í breytingunni felst að landnotkun lóða nr. 5, 7 og 9 við Vörðuás er breytt úr frístundabyggð í verslun- og þjónustu.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur
eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Stakkholt og Vallarholt í landi Reykjavalla; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2111050

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 9. desember 2021 að auglýsa breytingu er varðar deiliskipulag Stakkholts og Vallarholts í landi Reykjavalla. Í breytingunni felst skilgreining nýrra skilmála fyrir deiliskipulagssvæðið.

7. Bringur; Drumboddsstaðir; Frístundasvæði; Deiliskipulag; Málsnúmer: 2110092

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag frístundabyggðarinnar að Bringum í landi Drumboddsstaða. Um er að ræða deiliskipulagningu svæðis sem er þegar uppbygggt að hluta. Markmið deiliskipulagsins er að skýra byggingarheimildir innan reitsins þar sem búast má við umsóknum um viðbyggingar, endurbætur, aukahús/gestahús o.fl. á þegar byggðum lóðum. Nýju deiliskipulagi er auk þess ætlað að festa lóðarmörk og stærðir lóða innan svæðisins.

8. Efri - Markarbraut 6; Skilmálabreyting; Byggingarefni og þakhalli; Deiliskipulagsbreyting; Málsnúmer: 2111031

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. desember 2021 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Efri - Markarbrautar, Kjalbrautar, Birkibrautar og Kjarrbrautar. Í breytingunni felst að byggingarefni verði gefin frjálst innan deiliskipulagsins og þakhalli megi vera á bilinu 0-45°.

9. Lækjarholt 1 L231163 og 2 L231164; Deiliskipulag; Málsnúmer: 2106068

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember 2021 að auglýsa deiliskipulag í landi Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2 í Flóahreppi. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1-2 hæðum auk gestahúsa og skemma.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Mál nr. 1 – 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 29. desember 2021 til og með 21. janúar 2022.

Mál nr. 4 – 8 innan auglýsingar eru auglýst frá 29. desember 2021 til og með 11. febrúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson Skipulagsfulltrúi UTU



Hundruð fyrirtækja af öllum stærðargráðum hafa útvistað launavinnslu til okkar.

Bókaðu fund á www.bokad.is.

Láttu okkur hjá KPMG Bókað sjá um launavinnslu fyrirtækisins



Við reiknum launin



Við sjáum um skilágreinar



Þú notar tímann í reksturinn

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.



ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Krani & tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

HEILSA

Energy Touch - Nudd - Heildræn meðhöndlun Áttund

20% afsláttur af gjafakortum

Ný námskeið byrja 10. og 12. jan. og 3. feb.

Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197

Cand.mag. í þróttfræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

ATVINNA

TRÉSMIÐJAN VEGAMÓT sf.

Trésmiðjan Vegamót óskar eftir húsasmið og eða starfsmönnum.

Upplýsingar í síma 864 5500 eða vegamot@simnet.is

KIRKJUR

Haukadalskirkja
31. desember. Gamlársdagur (föstudagur). Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Sólheimakirkja
31. desember. Gamlársdagur. Aftansöngur kl. 17. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Hannes Örn Blandon.

Skálholtsdómkirkja
31. desember. Gamlársdagur. Aftansöngur kl. 17. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Axel Á. Njarðvík.

Torfastaðakirkja
1. janúar 2022. Nýársdagur (laugardagur). Hátíðarmessa kl. 14. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson.

Þingvallakirkja
1. janúar 2022. Nýársdagur. Hátíðarmessa kl. 14. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Sighvatur Karlsson.

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Jeppasmiðjan
LJÓNSTEYK
Sérfræðingar í bílavarahlutum í 30 ár
s. 480 0120 | jepp.is



Fimm Selfyssingar með landsliðinu

Fimm Selfyssingar eru í tutuugu manna leikmannahópi íslenska landsliðsins í handbolta sem tekur þá á EM í Ungverjalandi í janúar.

Þetta eru þeir Bjarki Már Elísson, Elvar Örn Jónsson, Janus Daði Smáráson, Teitur Örn Einarsson og Ómar Ingi Magnússon, en þeir leika allir í þýsku úrvalsdeildinni. Haukur Þrastarson var ekki valinn í 20 manna hóp að þessu sinni, en Haukur hefur verið að glíma við meiðsli að undanförunu.

Landsliðið kemur saman til æfinga þann 2. janúar og spilar

tvo vináttulandsleiki við Lit-háen á Ásvöllum í Hafnarfirði þann 7. og 9. janúar. Strákarnir halda síðan út til Búdapest þann 11. janúar þar sem liðið leikur í B-riðli ásamt Portúgal, Hollandi og Ungverjalandi. Tvö efstu liðin komast áfram í milliriðil en hann fer einnig fram í Búdapest.

Leikir Íslands í riðlakeppni EM 2022 eru 14. jan. kl. 19:30 Portúgal – Ísland, 16. jan. kl. 19:30 Ísland – Holland og 18. jan. kl. 17:00 Ísland – Ungverjaland

Allir leikir Íslands verða í beinni útsendingu á RÚV. -esó

Mér finnst bækur vera eins og fæða

segir lestrarhesturinn Bertha Ingibjörg Johansen

Bertha Ingibjörg Johansen hefur starfað sem íslenskukennari við Fjölbautaskóla Suðurlands síðastliðinn þrjú ár. Hún hefur lengst af búið í Vestmannaeyjum þar sem hún sinni líki kennslu og rak sitt eigið fyrirtæki. Núna býr Bertha á Hjalla í Ölfusi þar sem um tíma bjó einn löglærðasti höfðingi á miðöldum, Skafti Þóroddsson og Njála greinir frá. Þó Bertha hafi ekki numið lög hefur hún gaman af þessum samanburði.

Hvaða bók ertu að lesa?

Ég er yfirleitt að lesa nokkrar bækur samtímis. Aðdragandi jóla er náttúrulega í upphaldi hjá mér með miklu framboði af nýjum bókum. Á náttborðinu og í hillunni á storytel eru Fíkn eftir Rannveigu Sigurðardóttur, Allir fuglar fljúga í ljósið eftir Auði Jónsdóttur og Skjálfti eftir sama höfund. Fíkn vakti áhuga minn fyrir þær sakir að Rannveig fjallar á ögrandi og djarfan hátt um fíknina og hvert hún getur leitt manneskjuna. Auður er í báðum þessum bókum að fjalla um hvað mótur manneskjuna, hvaða atburðir, áföll og það sem er gert og ekki gert þegar barn er að alast upp sem leiðir til þess persónuleika sem fólk verður á endanum.

En hvernig bækur höfða helst til þín?

Mér finnst bækur eins og fæða, maður þarf fjölbreytni. Stundum langar mann í léttmeti, stundum eitthvað hollt og stundum eitthvað krefjandi. Ég hef í gegnum tíðina gengið í gegnum margskonar tímabil hvað þessi mál varðar. Á háskólaárum mínum hafði ég mest gaman af fornþekktum, Íslendingasögum, riddara- og fornaldarsögum. Um stund var ég frekar upptekin af sögulegum skáldsögum, síðan tók við ævisögutímabil og seinna bækur um austurlenska speki.

En varstu duglega að lesa sem barn?

Nei, ég var ekkert sérstaklega bókhneigð sem barn, það kom seinna. Auðvitað las maður þessar hefðbundnu barnabækur svo sem Palli var einn í heiminum, Láki jarðálfur og Nancy-bækurnar og fleira en ekki þó þannig að lestur væri rauður þráður í tilverunni. Hallur afi minn var mikill bókaormur og sagði mér á litríkan hátt sögur tengdar margskonar bókmenntum. Íslendingasögurnar, bækur Laxness og Gunnars Gunnarssonar þekkti hann vel og strax mjög ung voru mikið af persónum og leikendum í lykilverkum okkar Íslendinga orðnir fyrir mér eins og vinir afa sem ég gæti allt eins rekist á í næstu heimsókn til hans. Gunnar á



Hlíðarenda hefði allt eins getað setið þá við eldhúsbörðið, Guðrún Ósvífursdóttir verið að hella upp kaffið og Egill Skallagrímsson verið með gauragang inni í stofu. Hann hafði sterkar skoðanir á rithöfundum og deildi þeim blessunarlega með mér og til dagsins í dag finn ég þessi áhrif. Ef til vill vegna þessara víðu nálgunar þá á ég ekki neina sérstaka upphaldsbók en Njála stendur mér nærri.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Lestrarvenjur mínar eru nú í raun jafn fjölbreyttar og efnið sem ég les. Þyngri fræðibækur vil ég helst lesa við skrifborðið en léttmetið í sófanum með kaffibollann. Ég les í flugvélum, biðstofum, bílferðum og víðast þar sem ég kem. Lestrarvenjur mínar felast helst í því að lesa sem mest.

Einhverjir upphalds höfundar?

Ég er afar hrifnæm þegar kemur að höfundum og dáist að því þegar þeim tekst að setja fá orð í þannig röð og sambengi að úr verður risastór sannleikur. Meitluð setning eða tilsvor getur haft sterkari áhrif á mig en sjálfur söguþráðurinn þó auðvitað sé best að þetta fari allt saman. Hjá því verður ekki litið að Kiljan er stórmennið í íslenskum bókmenntum en hann er þó ekki í neinu sérstöku upphaldi hjá mér. Hvað ljóðskáld varðar þá hefur hrifning mannsins mín af Einar Ben. nuddast talsvert yfir á mig enda fór þar maður sem meitlaði mjúkar hugsanir úr graníti hinnar íslensku tungu. Í seinni tíð hafði ég sérstaklega unun af þríleik Jóns Kalman, Himnaríki og helvíti en þar heillaði bæði málfar og stíll Jóns mig. Sigríður Hagalín náði sterkt til mín í bókum sínum, Eyland og Hið heilaga orð. Sigríður er hugmynda- ríkur höfundur og hún sýnir vel í Eylandi hve stutt er í frumeðli mannsins þegar hætta og ógn

steðjar að honum. Svo fannst mér skemmtileg nálgun hennar á öðruvísi fjölskyldumynstri í bókinni Hið heilaga orð. Þar ákveða tvær mæður sem eiga börn með sama manninum að búa saman og ala hálf systkinin, Einar og Eddu upp saman. Þá leikur Sigríður sér skemmtilega með hugtökin dyslexia og hyperlexia í tengslum við hálf systkinin, hvarf annars þeirra og „hið heilaga orð“.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já, margsinnis. Ef bókin er góð þá finnst mér ég stundum frekar vera að lifa bók en að lesa hana. Stundum leita hugsanir til mín tengdar bók sem ég er að lesa sem verða til þess að ég næ ekki að festa svefn og stundum hreinlega tími ég ekki að hætta að lesa og fresta því svefni. Það sem lætur mig staldra við er þegar bækur fara með mann út fyrir rammann hugmyndalega og heimspekilega séð. Einnig þegar fallet mál einkennir verkið. Ég gæti aftur nefnt þríleik Jóns Kalmans, Himnaríki og helvíti. Þegar ég var að lesa hann þá langaði mig oft að skrifa niður meitlaðar setningar.

En að lokum Bertha, hvernig rithöfundur ertu sjálf?

Ef það ætti fyrir mér að liggja að skrifa bók þá myndi ég sennilega vilja festa niður eitthvað tengt Íslendingasögum og mikilvægi þeirra í sögu okkar mögnuðu þjóðar. Þá væri ekki úr vegi að hnoða í einn góðan krimma sem jafnvel gæti gerst vel áður en nútíma þjóðskipulagi var komið á. Mest mundi mig langa til í að geta skrifað bækur sem víkka sjónvinkul hring lesenda þar sem þær sýndu hversdagslega hluti í nýju sambengi. Ég held nú samt að það fari mér betur að vera þiggjandamegin í þessari bókataliveru og stefni því að því að vera áfram lestrarhestur.

Ritstjórn Lestrarhestsins er í höndum Jóns Özurar Snorrasonar.

Auglýsingum skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

Árbakki og Austurvegur 65, Selfossi - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 15. desember 2021 að auglýsa breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Árbakka og Austurvegar 65, á Selfossi, í samræmi við 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gildandi deiliskipulag er frá árinu 2007 og breytt 2008. Deiliskipulagsbreytingin mun taka yfir gildandi deiliskipulag innan deiliskipulagsmarka hennar. Svæðið sem um ræðir liggur norðvestan byggðar á Selfossi, meðfram Ölfusá. Aðkomur að svæðinu eru frá Árvégi, bæði að vestan og austan. Skipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar 2010-2030, þ.m.t. breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030, sem öðlaðist gildi 28. júlí. 2021. Deiliskipulagssvæðið, um 24 ha að flatarmáli, er skipulagt fyrir íbúðarbyggð. Meginmarkmið deiliskipulagsbreytingar fyrir svæðið er að mæta eftirspurn fyrir íbúðir í Árborg með því að þróa þar aðlaðandi og eftirsóknarverða byggð sem tekur mið af landkostum og þeirri staðreynd að svæðið verður í beinum tengslum við útivistarsvæði og ósnortna náttúru, samhliða því að ná fram sem bestri nýtingu svæðisins og skapa þannig hagstæðar fjárhagslegar forsendur fyrir uppbyggingu og rekstur. Í núgildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir allt að 287 íbúðum. Meginhluti bygginga á breyttu skipulagssvæði verða 1-2 hæða sérbýli (eimbýlishús, parhús og raðhús). Á norðvesturhluta svæðisins verða 3-5 hæða fjölbýlishús. Hús sem standa sem næst óhreyfðu landi að Ölfusá mynda lágreista stakstæða einnar hæðar byggð. Á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 550 íbúðum. Auk íbúðanna er gert ráð fyrir fyrir leikskóla á svæðinu, íbúðum fyrir eldra fólk auk þess að gert er ráð fyrir einu sambýli.

Nabbi 3 - Deiliskipulagstillaga

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 1. desember 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Nabba 3, Sveitarfélaginu Árborgar í samræmi við 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan tekur til alls lands innan lóðarinnar Nabbi 3, samtals 14.225 m². Aðkoma að lóðinni er frá Kaldaðarnesvegi nr. 316. Einn byggingarreitur er á lóðinni og innan hans verður heimilt að byggja allt að 100 m² sumarhús, 52 m² gestahús og 50 m² skemmu. Heildarbyggingarmagn verður að hámarki 202 m³.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammí til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 22.12.2021 til og með 2.2.2022. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 2.2.2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllt,
Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

Samstarf Íslandsstofu og Markaðsstofa um markaðssetningu á áfangastaðnum Íslandi



Íslandsstofa og Markaðsstofur Íslandshlutanna hafa skrifað undir samninga um samvinnu við erlenda markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað. Íslandsstofa og Markaðsstofurnar hafa unnið náið saman um árabíl en nú hefur samstarfið verið formgert í samræmi við skilgreint hlutverk nýrra áfangastaðastofa sem Markaðsstofurnar sinna í sínum landshlutum. Samningurinn er til þriggja ára frá 2021 til og með 2023.

„Markaðssetning á áfangastaðnum Íslandi er samvinnuverkefni,“ segir Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu. „Ísland hefur undanfarin ár markað sér stöðu sem þekktur áfangastaður en það hefur ekki gerst af sjálfu sér og við erum í stöðugri samkeppni við aðra áfangastaði. Árið um kring vinnur fjöldi fólks að því að vekja athygli á Íslandi til að skapa viðskiptatækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í ferðapjónustu og tengdum greinum í öllum landshlutum. Við erum lítil í stóra samhenginu en með því að leggja saman krafta okkar náum við slagkrafti og þessir samningar eru liður í að efla gott samstarf.“

Unnið er eftir stefnumótun stjórnvalda um að tryggja sjálfbærar vöxt ferðapjónustu um allt land í krafti gæða og fagmennsku og að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri þróun árið 2030. Meðal verkefna eru upplýsingamiðlun, samskipti við fjölmiðla og áhrifavalda, ráðgjöf um efni á vef og markaðsverkefni, uppbygging á sameiginlegum myndabanka og fleira.

„Markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofa hafa verið í miklu og góðu samstarfi síðastliðin ár þar sem áherslan hefur verið á erlenda markaðssetningu,“ segir Dagný H Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Mark-

aðsstofu Suðurlands. „Þessi samningur gerir okkur kleift að formgera samstarfið og þegar fjármagn fylgir verkefnum verður slagkrafturinn meiri. Það er mikið fagnaðarefni að stíga þetta skref og hlökkum við á Markaðsstofunum til að vinna sameiginlega að markaðssókn fyrir landið allt.“

Í tengslum við samningana heimsóttu fulltrúar Íslandsstofu alla landshlutana til að hitta hagsmunaaðila og kynna sér starfsemi og stöðu ferðapjónustunnar. Markaðsstofurnar stilltu upp dagskrá og sáu um leiðsögn um sína landshluta.

Íslandsstofa er samstarfsvettvangur atvinnulífs, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að auka útflutningstekjur og hagvöxt. Meðal hlutverka Íslandsstofu er að leiða og hafa yfirsýn yfir ímyndar-, kynningar- og markaðsstarf fyrir Ísland sem áfangastað; sinna greiningarvinnu og miðlun gagna; efla og viðhalda viðskiptatengslum á erlendum mörkuðum; og vera gátt að Íslandi sem áfangastað. Markaðsstofur landshlutanna sinna álíka hlutverki hver fyrir sinn landshluta. Þar er skilgreind sérstaða og áherslur í innviðauppbyggingu og markaðsmálum fyrir hvert svæði og sett fram í áfangastaðaaætlun. Markaðsstofurnar gegna því mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum og markaðsefni frá sínu svæði til Íslandsstofu og veita ráðgjöf ásamt því að taka þátt í ýmsum markaðsverkefnum á grundvelli þessa samnings.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðapjónustu hjá Íslandsstofu í síma 694 4644 og Dagný H Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands í síma 899 7087.

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fleint um allt Suðurland

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynolds

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærdiz

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.


Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



FYLGDI
Útflutningaþjónusta



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is


NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is